

## Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

<b>Fundarstjóri:</b> Marta Magnúsdóttir	<b>Fundur nr. 01/2019</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigríður Ágústsdóttir	
<b>Mættir:</b> Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðslaráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	<b>Fundarstaður:</b> <b>Hraunbær 123</b>  <b>Dags: 15. jan. 2019</b>  <b>Frá kl. 18:00</b> <b>Til kl. 22:00</b>
<b>Fjarverandi:</b> Liljar Már Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs	

### Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	<b>Setning</b> MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MM
1	2	<b>Fundargerðir síðasta fundar</b> Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	KÓ
90	3	<b>Fjármál</b> <ol style="list-style-type: none"> <li><b>Úlfljótsvatn.</b> Búið er að skrifa undir samning Reykjavíkurborgar við Úlfljótsvatn um skólabúðir og samþykka í borgarráði. Breytingar á matsalnum í JB eru vel heppnaðar, allt önnur hljóðvist.</li> <li><b>Grænir skátar.</b> Starfsemin hefur gengið mjög vel á liðnu ári, um 15% aukning frá 2017. Fleiri velja að gefa skátunum dósir og grenndarstöðvarnar koma vel út. Kostnaður var mikill á árinu, dýr bílaviðgerð og flutningur í nýtt húsnæði.</li> <li><b>Sígræna jólatréð</b> kom mjög vel út í sölu fyrir jólin. Vöruúrvalið verður endurskoðað fyrir næstu jólavertíð. Hugmynd er um að gróðursetja á Úlfljótsvatni tré á mótí hverju gervitré sem selt er svo úr verði nýr skógur tengdur sölu á sígrænum trjám.</li> <li><b>Fjárhagsáætlanir</b> allra dótturfélaga eru í vinnslu. Lítil frávik voru á milli rauntalna og áætlunar síðasta árs.</li> <li><b>Minjavernd.</b> Öll skjöl hafa verið skönnuð en eftir er að skanna inn allar myndir. Það er til styrkur fyrir því verkefni.</li> </ol>	AGS/KÓ
60	4	<b>Stjórnsýsla</b>	Allir

		<p><b>1. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun</b> BÍS og ráða 2019. Starfsáætlunin er í lokavinnslu og fjárhagsáætlun verður unnin út frá áætluninni.</p> <p><b>2. Skátaping 2019</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Þema: <i>Flokkurinn í fyrsta sæti.</i></li> <li>Skátapingið verður haldið í og við Úlfjótuvatn. Aðstaðan á Borealis lítur vel út. Gilwell hópurinn og Fræðaseturshópurinn koma að framkvæmd þingsins.</li> <li>Lagabreytingar. Tillögur stjórnar eru í vinnslu og verða fyrstu drög kynnt á félagsforingjafundi. Tillögur um breytingar á grunngildum sem lagðar voru var fram á síðasta skátapingi og samþykktar þurfa að fara aftur fyrir þingið því skv. lögum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tveggja Skátapinga í röð til að breyta Grunngildum BÍS.</li> <li>Árgjald skátafélaga. Lagt til að það verði hækkað í 550 kr. Samþykkt.</li> </ol> <p><b>3. Félagsforingjafundur 3.feb</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Þema fundarins: <i>Vöxtur.</i></li> <li>Skoðanakönnun til félagsforingja er í vinnslu og verður send út í vikunni.</li> <li>Fundarboð og dagskrá fundarins verður send út í vikunni.</li> </ol> <p><b>4. Skátastarf á Akranesi</b> – erindi hefur verið sent til Akraneskaupstaðar og beðið um fund v/stuðnings bæjarins við félagið.</p> <p><b>5. Geymslupláss í Eldshöfða.</b> Stefnt er að því að endurskoða það sem til er í geymslum og flokka. Það verður gert um leið og aðstaðan verður tilbúin í Eldshöfðanum.</p>	
60	5	<p><b>Viðburðir og fræðsla</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li><b>Neisti – námskeiðshelgin</b> á Úlfjótuvatni tókst einstaklega vel, dagskráin mjög fjölbreytt og góð. Það sýndi sig að það vantar fleiri gistiþláss á Úlfjótuvatn fyrir stærri viðburði.</li> <li><b>Landsmót skáta 2020</b> á Akureyri – undirbúningur er að hefjast.</li> <li><b>Crean viðburðurinn</b> – fáir Íslendingar sóttu um að taka þátt og þarf að endurskoða viðburðinn.</li> </ol>	Allir
10	6	<p><b>Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li><b>Heimasíður BÍS.</b> Tryggvi Bragason hefur verið ráðinn tímabundið til að uppfæra heimasíður og laga nokkur atriði.</li> <li><b>Ný logo og ímyndarmál</b> eru í vinnslu.</li> </ol>	Allir
10	7	<p><b>Starfsmannamál</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Hilda Ösp Stefánsdóttir er <b>nýr bókarari BÍS og dótturfélaga</b> og hefur nú þegar hafið störf.</li> </ol>	KÓ
10	8	<b>Önnur mál</b>	

	<ol style="list-style-type: none"><li><b>Úrsögn úr fræðsluráði:</b> Birna Ösp Traustadóttir hefur sagt sig úr ráðinu vegna anna. Stjórn BÍS þakkar henni samstarfið og óskar henni velfarnaðar í leik og starfi.</li><li><b>Úrsögn úr stjórn/upplýsingaráði:</b> Jón Egill Hafsteinsson hefur sagt sig úr stjórn og sagt af sér formennsku í upplýsingaráði vegna anna. Stjórn BÍS þakkar honum samstarfið og óskar honum velfarnaðar í leik og starfi.</li><li><b>Trúnaðarmál</b> Tvö mál voru færð í trúnaðarbók. Berglind Lilja Björnsdóttir vék af fundi þegar annað málið var rætt.</li></ol>	Allir
	<b>Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.</b>	